

meðan mikil hættu telst á, að styrjöld brjótist út í Norðurálfu, og meðan hún stendur yfir, ef hún brýzt út. Fyrirmæli þessi má einnig setja fyrir einstök byggðarlög eða kaupstaði, ef eigi telst þörf á, að þau taki til alls landsins. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur þess brýna nauðsyn, að taka eignarnámi matvæli, eldsneyti eða aðrar einstakar nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, kaupfélögum, framleiðendum eða öðrum. Ofangreind fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum taka jafnt til úthlutunar á vörum í heildsölu til kaupmanna og kaupfélaga, sem til úthlutunar í smásölu til einstaklinga.

Ríkisstjórnin ákveður, hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður með reglugerð eða reglugerðum hvort, hvenær og hvernig gera skuli framangreindar ráðstafanir. Getur hún sett í þær þau ákvæði um sektir og málsmeðferð út af brotum á þeim, sem þurfa þykir.

Til þess að standast kostnað við ráðstafanir þær, sem um ræðir í þessari grein, má verja fé úr ríkissjóði.

3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur, að viðlögðum allt að 100 króna dagsektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi því þær skýrslur um vörubirgðir sínar og vörubörf, sem því þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. september 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátæigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Við framkvæmd laga nr. 99, 3. maí 1935 um skuldaskilasjóð vélbátæigenda var fylgt þeirri aðalreglu, að vélbátæigendur, sem lán fengu úr sjóðnum náðu jafnframt samningum um allar fjárkröfur, sem á þeim hvíldu, þegar skuldaskilin fóru fram. Frá þessu var þó sú undantekning, þegar um fiskveiðasamvinnufélög var að ræða, að þá var aðeins samið um greiðslu á skuldum sjálfra félaganna, sem skuldaskil fengu, án þess að skuldir félags-

109
14. nóv.

mannanna væru teknar með. Þar sem vélbátaeigendur í fiskveiðasamvinnufélögum bera sameiginlega ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á skuldbindingum félaganna, hefir nú komið í ljós, að hægt er að krefja þá um þann hluta af skuldum fiskveiðasamvinnufélaganna, sem skuldareigendur fengu ekki greiddan við skuldaskil félaganna.

Síðasta Alþingi veitti heimild til að verja allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, til að ná fullnaðarsamningum um greiðslu á fjárkröfum á hendur félagsmönnum fiskveiðasamvinnufélaga samkvæmt framansögðu.

Nú hefir atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor þegnlega tjáð Oss, að ekki hafi tekist að ná samningum við kröfuhafa um greiðslu á ábyrgðarkröfum þessum, og hætta sé á, að skuldaskil þau, sem vélbátaeigendur í fiskveiðasamvinnufélögum hafa fengið, verði þeim gagnslaus af þeim ástæðum, að þeir verði krafðir um greiðslu á eftirstöðvum af skuldum félaganna, vegna hinnar sameiginlegu ábyrgðar og þyki því óhjákvæmilegt að sett verði lög um viðauka við skuldaskilasjóðslögin, þar sem ákveðið verði, að félagsmenn í fiskveiðasamvinnufélögum fái lán úr sjóðnum til greiðslu á skuldbindingum sínum á sama hátt og aðrir vélbátaeigendur fengu á sínum tíma. En þar sem þessi laga-setning mundi geta orðið um seinan, ef beðið væri næsta Alþingis með hana, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um framangreint efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að skipa þriggja manna skuldaskilanevnd, til að annast fullnaðarsamninga um greiðslur og eftirgjafir á fjárkröfum á félagsmenn fiskveiðasamvinnufélaga, sem fengið hafa lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, þar á meðal á ábyrgðarkröfum þeirra vegna félaganna frá því áður en þau voru gerð upp af skuldaskilasjóði. Skal nefnd þessi skipuð einum manni tilnefndum af Landsbankanum og Útvegsbankanum, en hina tvo skipar ráðherra án tilnefningar. Tilnefni bankarnir ekki mann í nefndina, skipar ráðherra alla nefndarmennina án tilnefningar.

Til að ná þessum samningum má skuldaskilanevnd verja til útlána allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda samkvæmt heimild í 22. gr. XXVIII. lið fjárlaga fyrir árið 1939. Skuldaskilum og lánveitingum samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir 1. júlí 1939.

2. gr.

Hver sá, sem verið hefir félagsmaður í fiskveiðasamvinnufélagi, sem fengið hefir lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda fyrir þann tíma, er félagið fékk lánið, og sem ber enn ábyrgð á þáverandi skuldum félagsins, getur innan 4 vikna frá gildistöku laga þessara sótt um aðstoð skuldaskilanevndar og lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda samkvæmt 1. gr. Umsókninni skal fylgja staðfest eftirrit af seinustu skattskýrslu lánbeiðanda og sundurliðuð skrá yfir eignir hans, skuldir og ábyrgðir, ásamt drengskaparyfirlýsingu um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund. Ennfremur er skuldaskilanevnd heimilt að krefja lánbeiðendur um allar þær upplýsingar, sem hún telur við þurfa.

3. gr.

Þegar skuldaskilanevnd hefir borizt lánbeiðni samkvæmt 2. gr., skal hún, ef hún eftir bráðabirgðaathugun á lánbeiðninni telur geta komið til greina að veita lánbeið-

anda lán, láta birta þrisvar í röð í lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, er telja sig hafa fjárkröfur á hendur honum, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan 6 vikna frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. Skal taka fram í auglýsingunni, að allar ótryggar kröfur, sem ekki er lýst innan hins tiltekna frests, falli niður ógildar gagnvart lánbeiðanda. Þó er nefndinni heimilt að taka kröfulýsingu, er síðar kemur fram, gilda, þegar svo stendur á, sem segir í 14. gr. 4. málsl. skuldaskilasjóðslaga 3. maí 1935. 109
14. nóv.

4. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal skuldaskilanefnd, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr skuldaskilasjóði samkvæmt lögum þessum. Telji hún, að lánbeiðandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflaga eða með símskeyti.

5. gr.

Nú telur skuldaskilanefnd, að lánbeiðandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingu, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja tillögur til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við kröfuhafa, þar með við þá, sem hann telst standa í ábyrgðarskuldum við. Í tillögunum skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlað er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta lántakanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Skuldaskilanefnd skal semja tillögur sínar með tilliti til þess, að lánbeiðendum verði skuldaskilin að liði, og leitast við að ná samkomulagi við kröfuhafa um nægilegan afslátt á kröfum þeirra til þess.

Við samning tillagna sinna ber skuldaskilanefnd, áður en hún gengur endanlega frá þeim, að gera sér grein fyrir því, með tilliti til allra framkominna lánbeiðna, hversu mikinn hluta af þeim 90000 krónum, sem til umráða eru til lánveitinga samkvæmt lögum þessum, skuli verja til lánveitinga handa félagsmönnum hvers fiskveiðasamvinnufélags, sem hlut á að máli, út af fyrir sig, og miða síðan lánveitingar til hinna einstöku lánbeiðenda úr hverju félagi við það, að þær fari eigi samtals fram úr því, sem nefndin þannig hefir talið hæfilegan hluta handa félagsmönnum þess félags.

Við lánveitingar skal skuldaskilanefnd taka tillit til efnahags lánbeiðenda og greiðslugetu og skulu lán þau, sem veitt kunna að verða samkvæmt lögum þessum, að jafnaði ekki vera hærri en svo, að eftirstöðvar skulda lánbeiðanda, að láninu viðbættu, fari ekki fram úr verðmæti eigna hans, samkvæmt því, sem fyrir liggur um það.

6. gr.

Skuldaskilabeiðandi skal setja þá tryggingu fyrir láni því, sem honum verður veitt samkvæmt lögum þessum, sem skuldaskilanefnd tekur gilda. Ákvæði 8. og 9. gr. skuldaskilasjóðslaganna gilda einnig um lán samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Eftir að skuldaskilanefnd hefir samið tillögur þær, sem um ræðir í 5. gr., skal hún með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum, sem lýst hafa kröfum á lánbeiðanda. Skal jafnframt boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara.

Samtímis skal nefndin skýra lánbeiðendum frá tillögunum, og skulu þeir innan tíu daga frá því er tilkynning um tillögurnar barst þeim í hendur segja til um

- 109 það, hvort þeir treystist til að greiða svo sem þar er tilskilið. Verði svörin þannig, 14. nóv. að skuldaskilanefnd telji gagnslaust að reyna samninga við skuldheimtumenn, afboðar hún í tæka tíð fund þann, er hún hafði boðað þá á. Tillögur nefndarinnar skulu liggja til sýnis á skrifstofu hennar, þangað til fundur hefir verið haldinn eða afboðaður.

8. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 7. gr., skal skuldaskilanefnd leggja fram tillögur sínar. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag lánbeiðenda, er nefndin getur látið í té. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við tillögurnar og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar hefir skuldaskilanefnd heimild til að taka tillögur sínar aftur, ef hún telur breytingartillögurnar verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber skuldaskilanefnd tillögur sínar undir atkvæði skuldheimtumanna, þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

9. gr.

Hljóti tillögur skuldaskilanefndar atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra skuldheimtumanna, þeirra er samningum er ætlað að ná til, hefir nefndin heimild til að staðfesta þær sem samning milli aðilja, og eru þær þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti þeim, eða eigi hafa mætt á fundi. Leysa þær þá skuldunauta undan skyldu til að greiða þann hundradshluta hvernar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart skuldheimtumönnum sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur þeim fyrir greiðslu skuldarinnar.

10. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal skuldaskilanefnd ganga frá lánskjöllum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um. Skal hún síðan greiða kröfuhöfum umsaminn hluta af kröfum þeirra.

Samningurinn haggar ekki heimild kröfuhafa lánbeiðanda til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

11. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á kröfur þær, sem um ræðir í 22. gr. skuldaskilaslóðanna.

12. gr.

Frá því að lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til skuldaskilanefndar og þangað til samningsumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu, og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komj í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að lánbeiðandi hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er nefndinni heimilt að ógilda samninginn gagnvart honum og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn hafa þegar tekið á móti, verður eigi endurheimt.

13. gr.

Jafnskjótt sem skuldaskilanefnd hefir tekið við lánbeiðni skal það tilkynnt skiptaráðanda og er þá hverskonar aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er

lokið. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldprotaskipta frá sama tíma. Nú **109**
 takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldprotaskipta, áður en sex 14. nóv.
 mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur
 í ljós, að hann hefir brotið gegn ákvæðum 11. gr. og má þá með málssókn rifta
 þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram samkvæmt reglum gjald-
 protaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja.
 Tímabilið frá því er skuldaskilaneftnd hefir tekið við lánbeiðni og þangað til sam-
 ingaumleitunum er lokið, telst ekki með fyrningartíma ábyrgðarskuldarinnar né
 neinna réttargerða út af henni, sem fram kunna að hafa farið, áður en lánbeiðnin
 barst nefndinni í hendur.

14. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur atvinnuáráðuneytið, ef
 þörf þykir, sett með reglugerð.

15. gr.

Um lán samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði 27. gr. skuldaskilasjóðslag-
 anna sem um önnur útlán sjóðsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Fredensborgarhöll, 14. nóvember 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

110

6. des.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
 Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og
 Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum
 Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambands-
 laga 30. nóvember 1918, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkis-
 arfanum.

Því birtum Vér hér með Vorum kærni og trúni þegnum, að hans konung-
 lega tign krónprins **Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg**
 tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum
 heim aftur.

Gjört á Fredensborgarhöll, 6. desember 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.